2. HÆÐ



1. HÆÐ



Skýringar

Kótar eru í metrum en önnur mál í millimetrum.

Kaldavatnsheimæð
Kaldavatnsheimæðin skal vera úr PEH plasti (high density polyethylene) sbr. DIN 8074, þrýstiþrep 10.
Leggja skal lögnina mitt í 50 cm sandlag og skal hún vera í hlífðarkápu (íðráttarröri) frá lóðarmörkum að kjallaravegg.
Við kjallaravegg skal lögnin enda í renniloka með spindli upp úr jörðu en frá honum liggur galvaniseruð járnleiðsla inn úr kjallaraveggnum.
Þessa leiðslu á að verja með asfaltborða er bræddur sé við lögnina.
Fráveitulagnir innanhúss
Nota skal vottuð PP rör (polypropylene rör), vottuð steypujárnsrör eða vottuð steinefnabundin PP rör (t.d.Raupiano plaströr frá Rehau). Einangra skal allar lagnirnar vandlega með 50 mm steinull sem síðan skal vefja vandlega með plastbandi.
Efni og frágangur skal vera í samræmi við ÍST-68.
Vatnslagnir innanhúss
Þar sem allar lagnir liggja innan við einangrun útveggja er nægilegt að einangrun þeirra sé a.m.k. 5 mm þykk. Lagnaefni skal vera galvaniserað stál samkv. DIN 2440. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar og á baðherbergjum skulu einnig vera vera hitastýrð blöndunartæki í baðherbergjum og sturtum til þess að tryggja það að hitastigið á heita vatninu geti ekki orðið það heitt að það geti valdið húðbruna.
Öll blöndunartæki skulu vera í VA flokki 1 (LAP </= 20 dB(A))
Efni og frágangur skal vera í samræmi við ÍST 67 og byggingareglugerð.
Kaldavatnslögn
Lagnaefni skal vera vottað galvaniserað stál samkv. DIN 2440.
Leiðslur skal vefja með sísalpappa en síðan skal einangra með þar til gerðum einangrunarhólkum. Þessir einangrunarhólkar skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.
Heitavatnslögn
Lagnaefni skal vera vottað galvaniserað stál samkv. DIN 2440.
Leiðslur skal einangra með þar til gerðum einangrunarhólkum.
Þessir einangrunarhólkar skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.

Hitalagnir innanhúss
Lagnaefni skal vera svart stál samkv. DIN 2440.
Þar sem allar lagnir liggja innan við einangrun útveggja er nægilegt að einangrun þeirra sé a.m.k. 5 mm þykk.
Einangrunarhólkarnir skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.
Við alla ofna skal setja stillifé.
Efni og frágangur skal vera samkv. reglugerð Hitaveitu Reykjavíkur.
Útsog með sjálfsogi
Ú merkir loftræstistokk (sjálfsog) úr minnst 0,5 mm þykkum galvaniseruðum spíralrörum.
Á enda loftræstistokka skal setja stillanlega ventla.
Sérhver útsogsstokkur skal enda í tvöfalldri einangraðri þaktúðu er sé með hettu.
Í þakrýminu skal einangra alla loftræstistokkana vandlega með 2x50 mm steinull í tveimur lögum er skulu víxlleggjast þannig að einangrunarþykktin verði hvergi minni en 100 mm. Ennfremur skal vefja steinullina vandlega með plastdúk.
Allir loftræstistokkarnir skulu vera sívalir með þvermáli 100 mm.
Gólfhallar og niðurföll
Undir handlaugar og skolvaska skal setja gólfniðurfall með gegnumrennsli.
Gæta skal þess að gólfum halli að gólfniðurföllunum.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt þann
30 NÓV. 1998
Sigurbjartur Halldórsson

BR	DAGS.		HANNAÐ	SAMÞ
A	15.11.98	SKÝRINGUM BREYTT		

FERILL

VERKFRÆÐISTOFAN FERILL EHF F.R.V
MÖRKIN 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 568-8570 FAX 568-9084
NETFANG ferill@ferill.is

HOLTABYGGÐ 8

GRUNNMYND VATNS-, HITA- OG FRÁVEITULAGNA OG ÚTSOG

HANNAÐ	DAGS	TEIKNAÐ	MKV.	SAMÞ	NR	
	05.10.98	VSV	1:50	KÞ	756-3-01	A

D:\V-drif\Permatora\Holtabyggd\B\756-3-01.dwg Thu Nov 26 09:39:18 1998